# Markaðssókn sem beinist að börnum

# Samstarfsverkefni umboðsmanns barna og talsmanns neytenda

**Margrét María Sigurðardóttir**

UMBOÐSMAÐUR BARNA

10. apríl 2008

# Umboðsmaður barna

Stofnað með lögum nr. 83/1994

Hlutverk umboðsmanns barna er m.a.

- bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra
- opinber talsmaður allra barna yngri en 18 ára
- vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar og félög þeirra taki fullt tillit til réttinda og hagsmuna barna
- setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins

# Talsmaður neytenda

Stofnað með lögum nr. 62/2005,

Hlutverk talsmanns neytenda er m.a.

- bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda,
- gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur,
- setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega

# Samstarf embættanna

- Samstarf um verkefnið hófst árið 2005
- Málþing 1. mars 2006 haldið af talsmanni neytenda, umboðsmanni barna og Heimilis og skóla
- Yfirskrift málþingsins

**Börn og auglýsingar**

Er vilji til að setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum?

- Þrátt fyrir gildandi löggjöf var niðurstaða málþingsins sú að þörf væri á að setja frekari mörk

# Tilgangur frumkvæðisins

- Vernda börn gegn sívaxandi markaðsáreiti
- Aðstoða foreldra eða aðra sem annast börn. Auðvelda foreldrum og uppalendum að stýra því hvort, hvenær og hvernig börn verða fyrir markaðssókn
- Stuðla að umræðu í samfélaginu
- Fá fleiri fagaðila í lið með okkur

# Röksemdir

- Börn geta ekki talist upplýstir og sjálfstæðir neytendur vegna áhrifagirni og reynsluleysis
- Áreiti auglýsenda gefa börnum misvísandi skilaboð – stundum þvert á það sem uppalendur þeirra eru að vinna að.
- Rannsóknir á áhrifum neyslumenningar á andlegt heilbrigði barna

# Leiðir

- Tveir kostir að mati talsmanns neytenda og umboðsmanns barna

  1) Samkomulag við hagsmunaaðila markaðarins

  2) Leiðbeiningar frá embættunum tveimur

# Áherslusvið

- Áhrifaríkir miðlar
- Innihald, óholl matvara
- Vettvangur áreitis, svo sem skólar og heimili

- Takmarkanir mestar við yngstu börnin og síðan aukið aðgengi
- Leggjum t.d. til að ekki sé auglýst neitt í kringum barnatíma

# Sérstök áhersla á óhollustu

- Offita er faraldur
- Neyslumynstur hefst snemma
- Opinbert hollustumerki
  t.d. aðeins þær vörur nærri kassa

# Birtist 6. apríl 2008



SUNNUDAGUR

# Morgunblaðið

HANN ER Á KÚPUNNI
RUFUS WAINWRIGHT KEMUR TIL ÍSLANDS
FRAMANDI STAÐIR >> 54

HVAÐ VARÐ UM HANN?
EINAR ÖRN EINARSSON VAR MANNI TÍU ÁRA
TUTTUGU ÁR ERU LIÐIN >> 25

Magnaðar stundir í leikhúsinu
Kommúnan >> 56
Leikhúsin í landinu

STOFNAÐ 1913 | 93. TBL. 96. ÁRG. SUNNUDAGUR 6. APRÍL 2008 LANDSPRENT EHF. | mbl.is

## Offitufaraldur á Íslandi

■ Þjóðin hefur að meðaltali þyngst um 7-8 kg á síðustu 40 árum ■ Alvarlegt að mati WHO ■ Kunnum okkur ekki hóf, segir læknir ■ Aukið vægi skyndibitafæðu meðal skýringa, segja heilsuhagfræðingar

**Eftir Orra Pál Ormarsson**
orri@mbl.is

SAMKVÆMT mælikvörðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) er offitufaraldur á Íslandi en þjóðin hefur að meðaltali þyngst um 7-8 kg á síðustu 40 árum. Árið 1967 var meðalkarlmaður 83 kg að þyngd en í fyrra var hann kominn upp í 91 kg. Meðalkona var 69 kg árið 1967 en í fyrra var hún orðin 76 kg.

Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, segir skýringuna á þyngdaraukningu þjóðarinnar að verulegu leyti stafa af breyttum lífsstíl hennar. „Ef maður fitnar borðar hann meira en hann brennir. Svo einfalt er það. Við lifum á öld ofgnóttar og kunnum okkur ekki hóf. Að vísu hreyfum við okkur sem aldrei fyrr en það dugar einfaldlega ekki til. Við erum alltaf nartandi.“

**Skyndibitafæði áhrifavaldur**

Þar sem offita er ört vaxandi heilbrigðisvandamál hafa heilsuhagfræðingar í auknum mæli beint sjónum sínum að henni á umliðnum árum og misserum. Bandaríkjamaðurinn Michael Grossman, einn virtasti heilsuhagfræðingur heims, sem staddur er hér á landi, bendir á að aukið vægi skyndibitafæðis ráði þarna miklu, samkvæmt rannsóknum.

„Annað sem við skoðuðum eru breyttir samfélagshættir en á sjöunda og áttunda áratugnum hófu konur að streyma út á vinnumarkaðinn í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Það má alls ekki skilja það þannig að aukin atvinnuþátttaka giftra kvenna hafi með beinum hætti leitt til aukinnar offitu meðal þjóðarinnar en svo virðist sem hún hafi leitt til þess að fjölskyldur neyti í auknum mæli skyndibitafæðu. Það er ósköp eðlilegt, tíminn til að elda mat heima er minni en áður,“ segir Grossman.

Dr. Tinna L. Ásgeirsdóttir, umsjónarmaður MS-náms í heilsuhagfræði við HÍ, segir stjórnvöld hér hafa sýnt greininni áhuga og skilning.

■ Að komast í feitt | 10

Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson
**Heilsuhagfræðingar** Dr. Michael Grossman og dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir.

# Aðilar markaðarins hafa tekið okkur vel

- Viljum fá aðilana á markaðnum til liðs við okkur
- Þeir geri þessar reglur að sínum og við finnum leið saman
- Þrautalending að UB og TN leiti til stjórnvalda um að sett verði ítarlegri löggjöf á umræddu sviði

# Ávinningur

- Jákvæð ímynd
- Aðilar sjálfir hafa áhrif á innihald reglnanna og einfaldara að endurskoða
- Formlegur samningur og eða listi yfir aðila sem ætla að skuldbinda sig
- Aðilar geti þá treyst því að samkeppnisaðilar gangi ekki lengra
- Líklegra að ekki verði farið í kringum reglurnar

- Aukin vernd fyrir börn

# Nánari upplýsingar

[www.tn.is](http://www.tn.is)

[www.barn.is](http://www.barn.is)